

11. fundur veitustjórnar haldinn mánudaginn 30. maí 2011 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu: Þorleifur Jóhannesson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Axel Thorsteinsson, Pröstur Jónsson, Páll Jóhannsson, Esther Guðjónsdóttir, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Hitaveita Grafarhverfis.

Lögð voru fram drög að kauptilboði frá Hitaveitu Flúða í Hitaveitu Grafarhverfis ehf. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að kauptilboði með þeim breytingum sem komu fram á fundinum enda hækki gjaldskrá Hitaveitu Flúða ekki sérstaklega vegna kaupanna. Veitustjórn felur formanni veitustjórnar að undirrita kauptilboðið og kynna það fyrir stjórn Hitaveitu Grafarhverfis að fengnu samþykki Hreppsnefndar Hrunamannahrepps.

2. Umsókn um kalt vatn í Holtabyggð lóð 110.

Lögð var fram umsókn um kalt vatn í sumarhús í Holtabyggð lóð 110 úr landi Syðra-Langholts og beiðni um lækkun á tengigjöldum húsanna vegna þéttleika. Veitustjórn samþykkir umsóknina en hafnar því að tengigjöld verði lækkuð.

3. Önnur mál.

Hannibal gerði grein fyrir vofundi Samorku sem var haldinn á Akureyri í síðustu viku. Farið var yfir framkvæmdir sumarsins og fyrirhuguð viðhaldsverkefni.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 18:10